

**3600. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
miðvikudaginn 13. ágúst 2025 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2507094 - Brynja leigufélag ses - ársskýrsla 2024

Brynja leigufélag ses. - ársskýrsla 2024

Lagt fram.

2. 2507082 - Skógarlundur 24 - Umsókn um byggingarlóð

Guðmundur Jóhann Steindórsson og Daisy Heimisdóttir sækja um einbýlishúsalóðina Skógarlundur 24.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar Skógarlundur 24 til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

3. 2507126 - Suðurgata 94 - The Owl apartment- umsókn um rekstrarleyfi

The Owl apartment - umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins með fyrirvara um jákvæðar umsagnir annarra umsagnaraðila.

Samþykkt 3:0

4. 2507075 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Ákvörðun um tímasetningu vinnufundar bæjarfullrúa um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2026 og þriggja ára áætlunar vegna tímabilsins 2027 til og með 2029.

Bæjarráð samþykkir að vinnufundur bæjarfullrúa verði fimmtudaginn þann 4. september nk. kl. 16:30.

Samþykkt 3:0

5. 2506087 - Ályktun Aðalfundar Golfklúbbsins Leynis - Samningur um landnýtingu Leynis á deiliskipulagi golfvallar 5455.

Málið hefur verið til frekari vinnslu hjá sviðsstjórum skipulags- og umhverfissviðs, skóla- og frístundasviðs og stjórnsýsu- og fjármálasviðs.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi leigusamning og felur sviðsstjórum skipulags- og umhverfissviðs og stjórnsýslu- og fjármálasviðs að eiga fund með stjórn og framkvæmdastjóra Golfklúbbsins Leynis og kynna samningsdrögin.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson vísar af fundi.

6. 2506125 - Golfklúbburinn Leynir - æfingaaðstaða innanhúss

Málið hefur verið til vinnslu í stjórnsýslu Akraneskaupstaðar og valkostagreining liggur nú fyrir.

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Daníel Glad Sigurðsson forstöðumaður íþróttamála og íþróttamannvirkja og Heiðar Mar Björnsson framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness sitja fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð þakkar kynningu á fyrirbyggjandi valkostagreiningu.

Sá valkostur sem felur í sér að Akraneskaupstaður gerist leigutaki kemur ekki til greina en unnið er að lausn svo barna- og unglingastarf geti haldið áfram að þróast og dafna.

Bæjarráð felur sviðsstjórum stjórnsýslu- og fjármálasviðs og skóla- og frístundasviðs að eiga nánara samtal við framkvæmdastjóra klúbbsins um mögulegar útfærslur annarra valkosta.

Samþykkt 3:0

Gestir víkja af fundi.

7. 2411163 - Samræmd móttaka flóttafólks - samningur 2025

Þann 23. júní sl. boðaði félags- og húsnaðismálaráðuneytið fulltrúa Sambands Íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og stærstu sveitarfélög sem sinna samræmdri móttöku til vinnufundar hvar kynnt var tillaga að breyttu fyrirkomulagi samræmdrar móttöku. Breytingartillögurnar höfðu ekki verið sendar á fundaraðila fyrir fundinn og því ekki gefið eðlilegt rými fyrir rýningu þeirra og úrvinnslu ábendinga.

Þann 7. júlí sl. fundaði SÍS að nýju með ráðuneytinu og gerði athugasemdir varðandi framlagningu tillagna og kom á framfæri efnislegum ábendingum.

Áréttaði SÍS á fundinum að þrátt fyrir fyrirætlanir um að ráðuneytið taki við framfærslu og gerð stuðningsáætlana þá væru mörg verkefni enn á höndum sveitarfélaga, s.s. stöðugildi og heimildagreiðslur, sem nauðsynlegt væri að taka tillit til í ákvæðum um endurgreiðslur ríkissjóðs.

Niðurstaða fundarins var að SÍS kæmi athugasemdum sveitarfélaga til ráðuneytisins í byrjun ágúst. Unnu starfsmenn velferðar- og mannréttindasviðs minnisblað sem sent var á SÍS þann 7. ágúst sl. Daginn eftir, eða 8. ágúst, kom tölvupóstur frá SÍS um að áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda væru

komin í samráðsgátt til umsagnar og sveitarfélög hvött til að senda ábendingar sínar inn á þeim vettvangi.

Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Velferðar- og mannréttindasvið sendi inn sína umsögn þann 12. ágúst sem lögð er fram til kynningar og umræðu.

Bæjarráð þakkar starfsmönnum velferðar- og mannréttindasviðs fyrir umsögnina og tekur undir mikilvægi þess að tekið verði tillit til ábendinga sveitarfélaga við væntanlega heildarlöggjöf um málefni innflytjenda.

Samþykkt 3:0

Hildigunnur Árnadóttir vikur af fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15.